

Fundur í stjórn foreldrafélags Naustaskóla haldinn fimmtudaginn 30. ágúst 2018 kl.20:30.
Mættir: Ingibjörg, Elísa, Sigurlaug, Borghildur Ína og Martha.

1. Inneign á reikningi félagsins er rúmlega 400 þús. sem skýrist að hluta vegna þess að ekkert varð úr ferð 4.bekkar á Kiðagil og engin styrkbeiðni v/Reykjaferðar barst. Einnig er þetta fyrsta árið eftir að gjald var hækkað.
2. Gjaldkeri ræddi þörf fyrir breytt vinnulag varðandi reikning 10.bekkar. Stundum er afgangur eftir á reikningnum og honum þarf að ráðstafa sem fyrst þar sem 1.bekkur tekur við þessum reikningi. Tillaga rædd um að ef eftir situr afgangur að styrkja þá skólann til bókakaupa á bókasafn.
3. Tillaga um að styrkja skólann um 200 þús til kaupa á búanði og frístund um 50 þús til kaupa á leikföngum í frístund. Samþykkt.
4. Aðalfundur ræddur
 - a. tillaga að dagsetningu 26. september. Ingibjörg athuga hvort það gangi
 - b. fá fyrirlesara og ræða samstarf foreldra/skóla, skjánotkun, líðan barna o.fl. Ingibjörg sendir Kristínu Viðarsdóttir sálfræðingi tölvupóst.
 - c. tillaga um að hækka styrk vegna bekkjarkvölda úr 10 þús í 20 þús.
 - d. óska eftir samantekt frá þeim bekkjum sem héldu bekkjarkvöld
 - e. samantekt frá starfi SAMTAKA sl. vetur, Elísa tekur saman.
 - f. ræða þarf facebook síður skólans/bekkar. Vegna breyttra persónuverndarlaga er ekki óhætt að hafa síður tengdar skólastarfi á facebook.
 - g. búið er að óska eftir fólki í stjórn, það hefur engin haft samband enn sem komið er. Ingibjörg, Ína, Sigurlaug og Elísa eru tilbúnar til að halda áfram, en það vantar fulltrúa fyrir einhverja bekki.
 - h. óska eftir fulltrúum í skólaráð.